

Umhverfis- og Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið v/Austurvöll
150 Reykjavík

Garðabær, 1. desember 2020
Tilvísun: 202011-0036/42-1-1 Umsagnir um frumvörp
TB
tb

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013 (málsmeðferð o.fl.), 276. mál.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frumvarpið og styður allar framkomnar breytingartillögur á lögunum og telur þær til bóta.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að kotleggja óbyggð víðerni sem eru skilgreind í lögunum. Kortlagning víðerna hlýtur fyrst og fremst að byggja á skilgreiningunni og hljóta því önnur viðmið og forsendur fyrir kortlagningunni að byggja á henni. Einnig er ástæða til að kveða fastar að orði en að kortlagningin skuli vera til leiðbeiningar. Greinin gæti orðast svona: **Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau viðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni og byggja á skilgreiningu á óbyggðra víðerna sbr. 19. lið 5. gr. Við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun skulu stjórnvöld taka mið af korti með upplýsingum um óbyggð víðerni á þann hátt að óbyggð víðerni skerðist ekki nema brýna nauðsyn beri til.** Í þessu tilviki má t.d. benda á að þetta er í samræmi við 61. gr. laganna um sérstaka vernd og jafnvel mætti tengja vernd óbyggðra víðerna við hana, sjá einnig e lið 3. greinar laganna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

